

Mál nr. 105/2014
M og
V v. kaskótryggingar bifreiðar A

**Bifreið varð fyrir tjóni þegar hún lenti á stórum steini í vegkanti á Uxahryggjaleið þ.
25.10.2013.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-7.
2. Bréf V dags. 13.5.2014.

Málsatvik.

M segist hafa ekið A eftir Uxahryggjavegi og mætt jeppabifreið, sem hafi ekki vikið og hafi hann því orðið að víkja og hafi farið með hægra hjól vel út í vegkantinn og hafi A lent á stórum steini sem hafi farið undir bifreiðina og valdið töluverðum skemmdum. A krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V og bendir á að umræddur vegur sé þjóðvegur sbr. vegalög nr. 80/2007. M segir að tjónið hafi ekki orðið vegna ósléttrar akbrautar heldur lausra hluta í vegkanti. Þá hafi tjónið ekki orðið vegna hryggs eftir veghefil eða jarðfast grjót á vegi enda hafi tjónið ekki orðið á vegi heldur utan hans. Þá tekur M fram að tjónið hafi ekki orðið vegna grjótkasts. M telur því í samræmi við vátryggingaskilmála, málsatvikalýsingu og önnur atvik málsins að tjónið á A sé bótaskyld. V hafnar bótaskyldu og telur tjónið á A undanskilið með vísan einkum staflíð d, f og g í 12 .gr. vátryggingaskilmála.

Álit.

M lýsir atvikum með þeim hætti að tjónið hafi orðið vegna þess að hann ók út í vegakant og lent þar á stórum steini sem hafi farið undir bifreiðina. Eins og M lýsir tjónsatvikinu verður ekki annað séð en að það falli undir ákvæði staflíð d í 12. gr. vátryggingaskilmála en þar segir m.a. að vátryggingin taki ekki til skemmda af akstri á ósléttri akbraut. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.